

# Uppbygging, traust og samvinna: Stefnuyfirlýsing Í-listans 2022–6

Lögð fram á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæja 2. júní 2022.

Stjórnsmál snúast um traust og samvinnu. Traust þarf að ríkja milli fólks innan stjórnkerfisins og milli íbúa. Önnur sveitarfélög þurfa að treysta Ísafjarðarbæ í samstarfi og getað leitað eftir samvinnu við okkur. Þannig verða verk sveitarfélaganna á svæðinu og skilaboð sterk, skynsamleg og samhljóma.

Undirstöður samfélagsins þurfa að vera traustar. Skólarnir og velferðarkerfið þurfa að virka. Það þarf að koma reiðu á skipulagsmálin. Fjárhagur sveitarfélagsins þarf að vera traustur svo hann beri velferðina, reksturinn og þær framkvæmdir sem gera sveitarfélagið okkar að enn betri búsetu- og atvinnukosti.

## Stjórnsýsla, íbúalýðræði og fjármál

Gerð verður úttekt á fjármálum sveitarfélagsins.

Sett verða skýr fjárhagsleg markmið um skuldahlutfall, launahlutfall og veltufé frá rekstri.

Við ætlum að berjast fyrir því að auðlindagjöld sem skapast af fiskeldi renni til sveitarfélaga.

Stofnaður verður vinnuhópur sem á að skoða möguleikann á heimastjórnnum í þeim byggðakjörnum sem þess óska.

Haldnir verða reglulegir íbúafundir í öllum byggðakjörnum.

Útbúnar verða gæðahandbækur til að tryggja góða meðhöndlun erinda og skýra verkferla.

Skrifuð verður málstefna og stefna um þjónustustig sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ísafjarðarbær er opinn fyrir öllu samstarfi sveitarfélaga á svæðinu og hugmyndum um sameiningu þeirra.

## Uppbygging, húsnæði og skipulagsmál

Unnið verður að því að bæta verkferla og efla umhverfis- og eignasvið í samvinnu við starfsfólk þess.

Lögð verður áhersla á að ljúka vinnu við nýtt aðalskipulag og gera í kjölfarið áætlun um endurskoðun deiliskipulags.

Stofnað verður til samstarfs við fyrirtæki, óhagnaðardrifin félög og félagasamtök um byggingu húsnæðis, m.a. fyrir íbúa eldri en 60 ára.

Áfram verður unnið með hjólastefnu Ísafjarðarbæjar og stuðlað þannig að greiðum samgöngum fyrir hjólandi, fólk í hjólastólum og rafskutlum, hlaupahjólum og öðrum léttum ferðamátum.

Unnið verður markvisst eftir áætlun um viðhald mannvirkja og eigna Ísafjarðarbæjar.

## Atvinnumál og verðmætasköpun

Stutt verður við atvinnuuppbyggingu sem skilar tekjum í framtíðinni, dregur að ný og fjölbreytt störf í starfandi fyrirtækjum sem og ný sprotafyrirtæki. Ferðapjónusta á að halda áfram að vaxa á forsendum náttúru og menningar.

Fiskeldi á áfram að vaxa í Ísafjarðardjúpi en Jökulfjörðum haldið utan þeirrar uppbyggingar.

Unnið verður að því að fá opinberar stofnanir á svæðið og skapa störf án staðsetningar. Samvinna við menntastofnanir og atvinnulíf um fjarvinnustöðvar er einn liður í því.

Sóknaráætlun er lykilplagg í framþróun svæðisins. Hún er gagnlegt verkfæri samstarfs við önnur sveitarfélög á svæðinu og Vestfjarðastofu.

## Umhverfismál

Farið verður í hreinsunaráttak á opnum svæðum í samstarfi við heilbrigðiseftirlitið og íbúa svæðisins.

Gerð verður áætlun um endurnýjun á frárennslislögnum í öllum byggðakjörnum í sveitarfélaginu.

Ísafjarðarbær er tilbúinn í samstarf við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Sett verður loftslagsstefna í takt við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Sveitarfélagið mun innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sína.

Skipulögð verða skógræktarsvæði og unnið að endurheimt vistkerfa.

Þjóðgarður við Dynjanda og Hrafnseyri á að opna á kjörtímabilinu án þess að útiloka virkjanakosti. Beinast liggur við að þjónustumiðstöð garðsins verði á Þingeyri.

Sett verður upp hundagerði í Skutulsfirði.

## Velferðarmál og málefni eldri borgara

Skóðað verður að þróa sveigjanlegar dagdvalir til að efla þjónustu við eldra fólk og þá sem í dag eru skráðir á biðlistum eftir hjúkrunarrými.

Vestfirðingar eiga að standa saman í að veita fötluðu fólki góða þjónustu í samræmi við megináherslur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Vinna þarf að aðgengismálum í víðum skilningi, til dæmis með bættu stafrænu aðgengi, aðgengi að stofnunum, byggingum og almenningsrýmum. Tilnefna þarf aðgengisfulltrúa og koma upp notendaráði fatlaðs fólks.

## Skóla- og menningarmál

Styðja þarf við skólastjórnendur og kennara með faglegum stuðningi og kennsluráðgjöf. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir smærri skóla sveitarfélagsins.

Vilji stendur til þess að stofna til samstarfs við önnur sveitarfélög svæðisins um stofnun skólaskrifstofu. Ný lög um farsæld barna setja auknar kröfur á sveitarfélög sem ekki verður staðið undir nema með auknu samstarfi þeirra á milli.

Ísafjarðarbær mun taka virkan þátt í að móta menntastefnu fyrir Vestfirði í samstarfi við Vestfjarðarstofu og önnur sveitarfélög.

Unnin verður þarfagreining fyrir skólahúsnæði í sveitarfélaginu, sérstaklega með tilliti til leikskólaplássna í Skutulsfirði.

Nýsamþykktri menningarstefnu þarf að fylgja eftir með fjármagnaðri aðgerðaáætlun. Gera þarf menningarsamning við ríkið, sem einnig styðji annað menningarstarf, m.a. í Edinborgarhúsi og söfnum bæjarins.

## Íþróttir og tómstundir

Fyrir liggur viljayfirlýsing um uppbyggingu fjölnota íþróttahúss sem myndi leysa skort á aðstöðu fyrir hinar ýmsu íþróttagreinir. Verkefnið er spennandi en ófjármagnað af hálfu bæjarins. Ná þarf breiðu samstarfi um verkefnið, þ.m.t. við Bolungarvík, atvinnulífið, KSÍ og ríkið.

Við uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja verður farið eftir þarfagreiningu HSV og hún endurskoðuð reglulega.

Frístundastarf fyrir yngstu grunnskólabörnin verður aukið, árið um kring.

Endurskoða þarf almenningsamgöngur með tómstunda- og íþróttastarf barna sérstaklega í huga.